

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Neytendastofa að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. október 2012 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

bifreiðabensín	0,46 kr. á lítra
gasolía	0,92 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,15 kr. á kg
flugvélabensín	0,11 kr. á lítra
flugsteinolía (potueldsneyti)	0,14 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingar- aðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1248/2011.

*Neytendastofu, 14. september 2012.*

**Tryggvi Axelsson** forstjóri.

---

*Gunnar G. Þorsteinsson,*  
formaður stjórnar flutnings-  
jöfnunarsjóðs olíuvara.